

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið,  
Sigurður Á. Þráinsson  
Skuggasundi 1  
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 29. september 2014  
2014090024/42-4-2  
TB  
jgo/tb

**Undanþága frá lögum nr. 64/1994, umsögn**


Vísað er til bréfs/tölvupósts frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, dags. 26. september sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn um undanþágu frá lögum nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. Óskað er eftir undanþágu til að veiða rjúpur vegna rannsókna á hugsanlegum mengunaráhrifum á rjúpur frá eldgosinu í Holuhrauni. Óskað er eftir því að veiða í Reyðarfirði, á Hallormsstaðaháls og Fljótsdalsheiði, 35 fugla á hverjum stað.

Náttúrufræðistofnun mælir með framangreindum rannsóknum og leggur til að undanþága til að veiðanna verði veitt. Náttúrufræðistofnun vill taka fram að umrædd rannsókn er ekki á vegum hennar. Stofnunin var einungis Nýsköpunarmiðstöðinni til ráðgjafar þó skilja megi framangreinda umsókn á þann veg að stofnunin sé meðal umsækjenda.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson  
forstjóri



Trausti Baldursson

